

**Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands**

# Mál 1/2001-2002

<b>Kærandi</b>	Félagið Ísland-Palestína Glaðheimum 8, 104 Reykjavík
<b>Kærðir</b>	Fréttastofa Ríkisútvarpsins Sjónvarps og Ólafur Sigurðsson fréttamaður
<b>Kæruefni</b>	Ferð Ólafs Sigurðssonar til Ísraels 5.-11. maí 2001 og umfjöllun hans um hana í sjónvarpsfréttum 13.-18. maí 2001.

Kæran var borin fram í bréfi 25. maí 2001. Ólafur Sigurðsson kaus að svara henni ekki. Fréttastofa sjónvarps bræddi með sér sumarlangt hvernig hún skyldi bregðast við kærinni, og urðu meðal annars tafir vegna langs leyfis Boga Ágústssonar fréttastjóra frá vinnu. Á endanum, 10. september, bar Elín Hirst boð frá Boga um að hann hygðist fylgja fordæmi Ólafs. Elín hafði þá sjálf vakið athygli útvarpsstjóra á málinu. Hinn 3. október sendi Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri siðanefnd greinargerð Ólafs Sigurðssonar í málinu, dagsetta 28. maí, en hún var lögð fyrir útvarpsráð 5. júní. Tvær bókanir útvarpsráðsmanna um málið á þeim fundi voru þá löngu birtar í fundargerð á heimasíðu Ríkisútvarpsins.

Ríkisútvarpið svaraði aldrei kærendum og sendi þeim ekki bókanirnar tvær. Siðanefnd lét þá vita öðru hverju af hinum hæga gangi málsins og þeir kváðust bíða þolinmóðir.

Siðanefnd hefur fjallað um málið á fundum sínum 3. júlí, 3. og 10. september og 8. og 15. október 2001.

## Málavextir

Frá 6. til 10. maí dvöldust í Ísrael, í boði Upplýsingastofu ríkisstjórnar Ísraels (Government Press Office), tólf blaðamenn frá öllum Norðurlöndum nema Noregi. Þeir eða fréttastofur þeirra greiddu fargjöld, en Ísraelsmenn dvalarkostnað. Boðið barst fréttastofu sjónvarps frá sendiráði Ísraels í Osló. Ólafur Sigurðsson fór í þessa ferð, og flutti stutta pistla úr henni í fréttum frá 13., 14., 15. og 18. maí.

Í kæru sinni segir Félagið Ísland-Palestína:

Félagið er þeirrar skoðunar að um það bil 12 mínútna umfjöllun Ólafs hafi verið nánast einhliða áróður í þágu gestgjafans, Ísraelsstjórnar. Stór hluti frétttaflutningsins úr þessari ferð voru einræður herforingja og ráðherra Ísraels þar sem m.a. sökinni á mannfalli meðal Palestínnumanna er skellt á þá sjálfa og gengið svo langt að bera upp á palestínsku þjóðina að hún [ali] börn sín upp sem sjálfsmorðingja.

Í framhaldi af þessu nefnir félagið einstök atriði þess máls sem hún telur að varði við siðareglur blaðamanna:

(a) það sé fréttamanni, fréttastofu og Ríkisútvarpinu til vanvirðu að þiggja slíkt boð (sbr. 1. grein),

(b) umfjöllun Ólafs hafi verið hlutdræg og þar með óvönduð, auk þess sem hún hafi verið til þess fallin að valda til dæmis fólki af palestínskum uppruna á Íslandi óþarfa sársauka og vanvirðu (sbr. 3. grein),

(c) fréttamaður og fréttastofa séu með því að þiggja slíkt boð aðilar að hagsmunaágreiningi (sbr. 5. grein).

Í greinargerð Ólafs Sigurðssonar til útvarpsráðs 28. maí er engin svör að finna við þessum atriðum kærunnar sem lögð hafði verið fyrir útvarpsráð 22. maí. Hann gerir grein fyrir undirbúningi sínum undir ferðina, þar á meðal samtali við formann Félagsins Ísland-Palestína. Fram kemur líka að hann

telur ferðina sambærilega við boðsferðir til Norðurlanda, Bandaríkjanna og Kanada þar sem „opinberir aðilar skýra sína stefnu, sýna sögustaði og mannvirki.“

Í útvarpsráði 5. júní gerðu þrír ráðsmenn tvær bókanir um málið. Allir þrír eru sammála um að fréttastofu Sjónvarps hafi orðið á þegar hún þáði boðið til Ísraels. „Það orkar sannarlega tvímælis að hlutlaus fréttamiðill þiggi heimboð annars tveggja aðila sem eiga í hatrömmum deilum og mannskæðum átökum,“ segja Anna Kristín Gunnarsdóttir og Kristín Halldórsdóttir í annarri bókuninni. Og þar er því hafnað að Ísraelsferðin sé sambærileg við boðsferðirnar sem Ólafur vísar til. Í hinni bókuninni segir Mörrður Árnason: „Þau vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð einkennast ekki af þeirri fagmennsku og dómgreind sem við hæfi er á fréttastofum Ríkisútvarpsins.“

## Umfjöllun

Kæruefnið varðar annars vegar Ólaf Sigurðsson fréttamann og fréttapistla hans úr Ísraelsferðinni, og hins vegar fréttastofu sjónvarps.

Siðanefnd hefur skoðað fréttapistla Ólafs vandlega og getur ekki fallist á að þar gæti hlutdrægni. Málstað beggja aðila eru gerð nokkur skil í pistlunum, og að mikilsverðu leyti lætur Ólafur í ljósi efasemdir um málflutning gestgjafa sinna. Að vísu er það rétt hjá kæranda að Ísraelsmenn tala mun meira í þáttunum en Palestínnumenn, en þá er þess að gæta meðal annars að það sem maður segir í áróðursskyni þarf ekki alltaf að þjóna málstað hans. Fyrst pistlarnir geta ekki talist hlutdrægir, eru þeir naumast til þess fallnir að valda þeim sem hlut eiga að máli, til dæmis hér á Íslandi, óþarfa sársauka, það er að segja sársauka umfram þann sem allur frétttaflutningur af slíkum átökum kann að valda. Ólafur telst því ekki brotlegur við 3. grein siðareglna.

Fréttastofa sjónvarps þáði boðið til Ísraels. Í fyrsta málslið 5. greinar siðareglna segir:

Bláðamaður varast að lenda í hagsmunaágreiningi, til dæmis með því að flytja fréttir eða frásagnir af fyrirtækjum þar sem hann á sjálfur aðild. Hann skal fyrst og síðast gæta hagsmuna lesenda og sóma blaðamannastéttarinnar í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur í nafni starfs síns.

Boðsferðir eru sjálfkrafa til þess fallnar að skapa hagsmunaágreining eins og alkunna er úr hvers konar fréttamennsku. Þegar um blóðug átök er að ræða ætti að liggja í augum uppi hvað þær eru varasamar. Það verður ekki séð af gögnum málsins að fréttastofa sjónvarps hafi hugleitt þá hlið þessa máls, og eftir því sem næst verður komist af sömu gögnum kemur hún engum vörnum við. Ákvæði fyrsta málsliðar 5. greinar hafa því verið brotin.

Við þetta bætist, þótt það varði ekki við siðareglur, að öll meðferð fréttastofunnar á þessu máli, bæði gagnvart kærendum og siðanefnd, var ekki til fyrirmyndar.

## Úrskurður

Ólafur Sigurðsson hefur ekki brotið siðareglur. Fréttastofa sjónvarps hefur brotið 5. grein siðareglna. Brotið er alvarlegt.

Reykjavík 15. október 2001

Þorsteinn Gylfason

Hjörtur Gíslason

Sigurveig Jónsdóttir

Sigurður Guðjónsson

Hreinn Pálsson